

**Fiskræktarsjóður**  
**04 843**

**Ársreikningur 2018**

## Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Fiskræktarsjóður

kt. 6703730109

Dalshrauni 1, 220 Hafnarfjörður

## Skýrsla og áritun stjórnar

Fiskræktarsjóður er ríkisaðili og starfar á grundvelli sérлага. Hlutverk stofnunarinnar er að veita lán og styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæta veiði úr þeim.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 14 milljónir og afkoma kr. -4,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 466,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 484,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fiskræktarsjóðs í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Stjórn staðfestir hér með ársreikning Fiskræktarsjóðs fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Akureyri 15. ágúst 2019

Staður, dags.

Ræli A. Þorsson formaður stjórnar FRS

Stjórn Fiskiræktarsjóðs

## Yfirlit um afkomu ársins 2018

	Skýr	2018	2017
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	3	<u>14.000.000</u>	<u>14.000.000</u>
<b>Tekjur samtals</b>		14.000.000	14.000.000
<b>Gjöld</b>			
Laun og launategð gjöld .....	4	2.774.964	0
Framlög og tilfærslur .....		35.950.000	28.210.000
Annar rekstrarkostnaður .....	5	<u>3.827.521</u>	<u>3.370.032</u>
<b>Gjöld samtals</b>		42.552.485	31.580.032
<b>Afkoma (tæ) fyrir fjármagnsliði</b>		(28.552.485)	(17.580.032)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		24.476.247	16.353.322
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(1.249)</u>	<u>0</u>
		24.474.998	16.353.322
<b>Afkoma ársins</b>		<u>(4.077.487)</u>	<u>(1.226.710)</u>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....		3.372.513	26.983.290
Rekstrartilfærslur .....		(7.450.000)	(28.210.000)
Fjármagnstilfærslur .....		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>(4.077.487)</u>	<u>(1.226.710)</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr	31.12.2018	31.12.2017
<b>Eignir</b>			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar .....		0	13.962.245
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		482.656.003	0
Handbært fé .....		1.589.332	459.809.843
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>484.245.335</u>	<u>473.772.088</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>484.245.335</u>	<u>473.772.088</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
Eigið fé	6		
Hrein eign .....		466.694.601	470.772.088
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>466.694.601</u>	<u>470.772.088</u>
Skuldir	7		
Tengdir aðilar .....		17.550.734	0
Víðskiptaskuldir .....		0	3.000.000
<b>Skuldir samtals</b>		<u>17.550.734</u>	<u>3.000.000</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>484.245.335</u>	<u>473.772.088</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	8		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:		(4.077.487)	(1.226.710)
Afkoma ársins .....		(4.077.487)	(1.226.710)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		<u>(4.077.487)</u>	<u>(1.226.710)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:		(482.656.003)	1.416.273
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur .....		(3.000.000)	3.000.000
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:		(485.656.003)	4.416.273
Skammtímaskuldir .....		<u>(489.733.490)</u>	<u>3.189.563</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>(489.733.490)</u>	<u>3.189.563</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		31.512.979	(13.874.643)
		<u>31.512.979</u>	<u>(13.874.643)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(458.220.511)	(10.685.080)
Handbært fé í byrjun árs .....		459.809.843	470.494.923
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>1.589.332</u>	<u>459.809.843</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða stýðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvislega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

## Skýringar

	2018	2017
<b>3 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	14.000.000	14.000.000
	<u>14.000.000</u>	<u>14.000.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	(14.500.000)	28.500.000	0	14.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>(14.500.000)</b>	<b>28.500.000</b>	<b>0</b>	<b>14.000.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	17.872.513	(35.950.000)	0	(18.077.487)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>3.372.513</b>	<b>(7.450.000)</b>	<b>0</b>	<b>(4.077.487)</b>

### 4 Laun og launatengd gjöld

Laun .....	2.394.382	0
Launatengd gjöld .....	380.582	0
	<u>2.774.964</u>	<u>0</u>

Það eru 4 aðilar í stjórn sjóðsins, enginn fastur starfsmaður þar sem sjóðurinn er með þjónustusamning við Fiskistofu sem sér um skrifstofumál sjóðsins.

### 5 Annar rekstrarkostnaður

Ýmis tæki og áhöld .....	0	8.874
Vörukaup, almenn .....	0	8.874
Fundir, námskeið, risna .....	292.680	0
Ferðir, uppihald .....	254.722	108.608
Akstur .....	65.744	79.860
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	40.955	0
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	173.420	167.220
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðibjónusta .....	827.521	355.688
Kostnaðarhlutdeild .....	3.000.000	3.000.000
Opinber gjöld .....	0	5.470
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. ....	3.000.000	3.005.470
<b>Annar rekstrarkostnaður samtals .....</b>	<b>3.827.521</b>	<b>3.370.032</b>

### 6 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum .....	<b>31.12.2018</b>	<b>31.12.2017</b>
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	470.772.088	471.998.798
Afkoma ársins .....	(4.077.487)	(1.226.710)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>466.694.601</u>	<u>470.772.088</u>

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.



## Skýringar

31.12.2018 31.12.2017

### 7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	17.431.872	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	118.862	0
	<u>17.550.734</u>	<u>0</u>

### 8 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi þjónustusamning við Fiskistofu. Árlegar greiðslur nema kr. 3 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

#### Óafturkallanleg loforð

Á ekki við

#### Atburðir eftir reikningskiladag

Á ekki við

## Staðfestingarbréf stjórnenda ríkisaðila vegna ársreiknings 2018

Í tengslum við ársreikning fyrir árið 2018 staðfestum við undirritaðir stjórnendur

00 000 Nafn

FISIKVÆLTAR 0000S

að eftirfarandi er samkvæmt okkar bestu vitund og þekkingu:

1. Það er á ábyrgð stjórnenda að innleiða innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur ásamt því að vakta virkni þess. Ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.
2. Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald stofnunarinnar. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða í viðskiptum stofnunarinnar.
3. Að útgjöld stofnunarinnar og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga eða annarra laga sem gilda um rekstur stofnunarinnar. Aðgreining kostnaðar milli málefna við á/málaflokka er rétt.
4. Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.
5. Allar eignir stofnunarinnar koma fram í efnahagsreikningi, þmt í eignaskrá. Stofnunin hefur fullnægjandi eignarheimildir fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá og hvíla engar kvaðir eða veðsetningar á þeim aðrar en þær sem upplýst hefur verið um.
6. Áætlun okkar um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.
7. Við teljum að þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum séu viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.
8. Við höfum skráð eða skýrt frá öllum skuldum stofnunarinnar í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, og greint frá öllum ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila.
9. Upplýsingar hafa verið veittar um alla skuldbindandi samninga stofnunarinnar.
10. Upplýsingar hafa verið veittar um allar skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðu stofnunarinnar.
11. Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðu stofnunarinnar í lok árs 2018.
12. Staðfesting þessi hefur verið kynnt stjórn stofnunarinnar, án athugasemda [ef stjórn er skipuð].

Akureyri 15. ágúst 2019

Staður og dagsetning

  
Undirskrift

Formaður stjórnar FRS